



# HRUNAMANNAHREPPUR

58. FUNDUR HREPPSNEFNDAR  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 4. FUNDUR ÁRSINS  
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 5. MAÍ 2010  
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 5. maí kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ísólfur Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon, oddviti setti fund og stjórnaði honum. Oddviti bauð fundarmenn velkomna um leið og hann óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Hann óskaði eftir að fá að leggja fram fundargerðir 14 fundar FMÆ nefndar frá 3. maí og 3. fundar fræðslunefndar Flúðaskóla frá 29. apríl, minnisblað frá húsverði Flúðaskóla v. viðhalds skólans og ósk um umsögn vegna áframhaldandi skógræktar á Jaðri, skipun í þjóðhátíðarnefnd, styrkur v. framboða, styrkur v. Matarklasa, Auglýsing vegna aðalskipulagsbreytinga. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

## Dagskrá

### Erindi til hreppsnefndar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2009 – seinni umræða. Hreppsnefndarmenn hafa þegar öll gögn fá síðasta fundi.
2. Kerlingarfjöll: Drög að endurskoðuðum samningi við Fannborg ehf.
3. Hverahólmi: Drög að endurskoðuðum samningi við Björn Kjartansson.
4. Skólaakstur v. fatlaðs nemanda í FSU.
5. Þjóðskrá: Vegna sveitarstjórnakosninga 29. maí n.k.
6. Víkingaheimsókn: Erindi frá Hafsteini Kúld Péturssyni.
7. Neyðarlínan 112: Erindi vegna fjarskiptahús fyrir neyðar- og öryggisfjarskipta á Ásgarðsfjalli við Kerlingarfjöll.
8. Magma á Íslandi: Áhugi á samstarfi um jarðhitarannsóknir í Hrunamannahreppi.
9. Leigusamningur: Lóðir vegna dæluhúss við Ásatún.
10. SASS: Tilnefning fulltrúa í starfshóp um mat á sameiningarkostum sveitarfélaga.
11. SASS: Afstaða hreppsnefndar um tillögu um skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS.
12. TROG: Undirbúningur varðandi ferðamannasumar 2010 á Flúðum.
13. Flóahreppur og Hrunamannahreppur: Samningur um launaútreikninga.
14. Svæðismiðlun fatlaðra: Vegna sumarvinnu fatlaðra einstaklinga.
15. Athugasemd við deiliskipulag v. vegar í Hveramýri.
16. Reynir Bergsveinsson – Vaskur á bakka v. minkaveiða.
17. Erindi frá Grænna landi: V. lóðaumsóknar.
18. Jaðar: Áframhaldandi skógrækt – framkvæmdarleyfi
19. Skipan nýs fulltrúi í þjóðhátíðarnefnd
20. Minnislisti vegna viðhalds í Flúðaskóla.
21. Styrkir vegna framboða í sveitarstjórnarkosningum.
22. Þátttaka í klasaverkefni í uppsveitum Árnessýslu.

### Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Fræðslunefnd: 3. fundur Fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 29. apríl s.l.
2. Veitustjórn: 39. fundur stjórnar frá 26. apríl s.l.
3. Fræðslu- menningar- og æskulýðsnefnd 14. fundur frá 3. maí s.l.

### Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. Almannaþingarnefnd: 6. fundur framkvæmdaráðs frá 23. mars s.l.
2. Félagsþjónusta: 124. fundur félagsmálanefndar frá 6. apríl s.l.
3. 23. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 20. apríl s.l. og 41. og 42. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 31. mars og 14. apríl s.l.

#### 4. Skipulagsfulltrúi: Húsnæðismál - kostnaðaráætlun

##### Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Eignarhaldsfélag Suðurlands aðalfundur frá 26. mars s.l.
- b. 120. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 12. apríl s.l.
- c. 125. stjórnarfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 8. apríl s.l.
- d. 152. stjórnarfundur Tónlistarskóla Árnesinga

##### Önnur mál og upplýsingar:

- a. Arion banki: Veðsetning lánasamninga – upplýsingar.
- b. Ungmennafélag Íslands: Ungt fólk og lýðræði samþykkt.
- c. Fornleifavernd ríkisins – Minjavörður Suðurlands: v. Vinarminnis og Silfurmýri.
- d. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands – hjólað í vinnuna 5 -25. maí.
- e. Skipulagsstofnun: Skipulags- og byggingarfulltrúar á Íslandi.
- f. Sambandið: Fundargerð 773. fundar frá 26. mars s.l.
- g. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Skýrsla um samræmd könnunarpróf.
- h. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag v. nýbúafræðslu
- i. Félags- og tryggingarmálaráðuneyti: Velferðarvaktin bréf frá 20. apríl s.l.
- j. Icelandic Times: Kynning um ferðaþjónustu á ensku.

##### **Skýrsla á skrifstofu:**

1. Ársskýrsla Byggðasafns Árnessýslu og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka 2009.
2. Hitaveita Grafarhverfis: Ársreikningur 2009.
3. ÍSOR: Kerlingarfjöll – könnun og kortlagning háhitasvæðis: Árni Hjaltason og Magnús Ólafsson.
4. Eignarhaldsfélag Suðurlands: Ársreikningur 2009.
5. VSÓ: Niðurstöður tilraunaverkefnisins Ölfus, Öxará – Grímsnes.

Gengið til dagskrár:

##### **Erindi til hreppsnefndar:**

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2009 – seinni umræða.**  
Hreppsnefndarmenn hafa þegar öll gögn fá síðasta fundi.  
Ársreikningur Hrunamannahrepps, Sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2009 voru tekin til seinni umræðu.  
Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 21,7 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 12,4 millj. Fjárfesting 12,9 millj. kr. Veltufé frá rekstri 83 millj. eða 7,2%. Heildar eignir 875 millj., heildarskuldir 697 millj., Eigið fé 173 millj. og að öðru leiti vísað til framlagðra gagna.  
Hreppsnefnd samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn því undirritaður til staðfestingar.
2. **Kerlingarfjöll: Drög að endurskoðuðum samningi við Fannborg ehf.**  
Oddviti kynnti drög að samningi við Fannborg ehf um leigu á aðstöðu í Kerlingarfjöllum. Hreppsnefnd samþykkir að vísa drögunum til yfirlestrar hjá lögfræðingi.
3. **Hverahólmi: Drög að endurskoðuðum samningi við Björn Kjartansson.**  
Oddviti kynnti drög að samningi við Björn í Hvammi vegna Hverhólma. Hreppsnefnd leggur til að drög að samningnum verði kynntur landeigendum.
4. **Skólaakstur v. fatlaðs nemanda í FSU.**  
Sveitarstjóri sagði frá möguleikum varðandi skólaakstur fatlaðs nemanda í FSU næsta haust. Málið er í vinnslu og er sveitarstjóra og félagsmálastjóra falið að vinna áfram að lausn málsins.
5. **Þjóðskrá: Vegna sveitarstjórnakosninga 29. maí n.k.**  
Oddviti kynnti bréf frá Þjóðskrá lista yfir lögheimilisflutninga vegna fyrirhugaðra sveitarstjórnarkosninga. Lagt fram til kynningar.
6. **Víkingaheimsókn: Erindi frá Hafsteini Kúld Péturssyni.**  
Oddviti kynnti erindið. Rimmugígjarvíkingar óska eftir grasflöt til að halda „æfingarhátíð“ á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að bjóða fram grasflötina fyrir framan íþróttahúsið og að þeir greiði leigu fyrir afnot af íþróttahúsi.
7. **Neyðarlínan 112: Erindi vegna fjarskiptahús fyrir neyðar- og öryggisfjarskipta á Ásgarðsfjalli við Kerlingarfjöll.**  
Oddviti kynnti ósk

um leyfi til að setja niður fjarskiptahús, á Ásgarðsfjalli við Kerlingarfjöll. Lagt fram erindi Neyðarlínunnar frá 7. apríl 2010 þar sem óskað er eftir leyfi til þess að reisa neyðarsendi á Ásgarðsfjalli í Kerlingarfjöllum. Framkvæmdin felur í sér að reistir verða tvö stk. 8. m. háa tréstaúra fyrir loftnet, sett niður 4 fm. hús og lagður rafstrengur niður fjallið að rafstöð. Fyrir liggur að Umhverfisstofnun hefur fengið sambærilegt erindi. Hreppsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leiti skv. 3 tölulið bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi vegna erindisins.

8. **Magma á Íslandi: Áhugi á samstarfi um jarðhitarannsóknir í Hrunamannahreppi.** Oddviti kynnti bréf frá Magma á Íslandi um áhuga á samstarfi á rannsóknum á nýtanlegum jarðhita á svæðinu ofan byggðar í Hrunamannahreppi. Oddviti falið að ræða við forsvarsmenn Magma vegna erindisins.
9. **Leigusamningur: Lóðir vegna dæluhúss við Ásatún.** Oddviti kynnti leigusamning við samning við Ásatúnshúsum vegna lóða undir dæluhús. Hreppsnefnd staðfestir samninginn.
10. **SASS: Tilnefning fulltrúa í starfshóp um mat á sameiningarkostum sveitarfélaga.** Oddviti kynnti bréf frá SASS þar sem farið er fram á tilnefningar frá sveitarfélaginu í starfshóp um mat á sameiningarkostum sveitarfélaga. Hreppsnefnd tilnefnir oddvita Hrunamannahrepps í starfshópinn.
11. **SASS: Afstaða hreppsnefndar um tillögu um skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS.** Oddviti kynnti bréf frá SASS um afstöðu sveitarfélagsins á tillögu um málefni fatlaðra á svæðinu. Hreppsnefnd er hlynnt tillögu Sigurðar H. Helgasonar.
12. **TROG: Undirbúningur varðandi ferðamannasumar 2010 á Flúðum.** Oddviti kynnti niðurstöður fundar með forsvarsmönnum Tjaldmiðstöðvarinnar á Flúðum, eigendum Hótel Flúða og Húsverði Félagsheimilisins. Minnispunktarnir lagðir fram til kynningar.
13. **Flóahreppur og Hrunamannahreppur: Samningur um launaútreikninga.** Oddviti kynnti samning milli Hrunamannahrepps og Flóahrepps um launaútreikninga. Hreppsnefnd samþykkir samninginn.
14. **Svæðismiðlun fatlaðra: Vegna sumarvinnu fatlaðra einstaklinga.** Oddviti kynnti erindi frá svæðisskrifstofu fatlaðra um útvegum sumarvinnu. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að auglýsa eftir umsjónaraðila með verkefninu.
15. **Athugasemd við deiliskipulag v. vegar í Hveramýri.** Oddviti kynnti athugasemd vegna deiliskipulags um veg að Hveramýri. Lagt fram til kynningar.
16. **Reynir Bergsveinsson – Vaskur á bakka v. minkaveiða.** Oddviti kynnti bréf frá Reyni Bergsveinssyni um minkaveiða, stofnun Svæðissamlags Suðurlands um sókn gegn sunnlenskum minkum. Erindið lagt fram til kynningar en hreppsnefnd hefur ekki áhuga á að taka þátt í verkefninu að svo stöddu.
17. **Erindi frá Grænna landi: V. lóðaumsóknar.** Oddviti kynnti lóðarumsókn frá Grænna Landi. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræðu á fundinum.
18. **Jaðar áframhaldandi skógrækt:** Oddviti lagði fram tillögu að stækkun á skógræktarsvæði í landi Jaðars um 129 ha og kemur svæðið í beinu framhaldi af áður samþykktu skógræktarsvæði í landi jarðarinnar. Fyrir liggur framkvæmdaleyfi sem samþykkt var í sveitarstjórn 17. maí 2006 fyrir um 35 ha svæði. Á stækkuðu svæði er ætlunin að planta eingöngu birki til að halda þeirri ásynd sem þegar er til staðar á svæðinu. Auk skógræktar er áætlað að leggja um 1 km. vegaslóð. Hreppsnefnd samþykkir að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli áætlunarinnar um birkiskóg.
19. **Nýr fulltrúi í Þjóðhátíðarnefnd:** Jón Gunnar Sigurðsson er nýr fulltrúi Hrunamannahrepps í Þjóðhátíðarnefnd. Jón er skipaður til tveggja ára.

20. Minnisblað vegna viðhalds í Flúðaskóla: Oddviti kynnti minnisblað vegna nauðsynlegs viðhalds í Flúðaskóla. Sveitarstóra falið að gera framkvæmda og kostnaðaráætlun í samvinnu við skólastjóra og húsvörð.
21. Styrkur vegna framboða í sveitarstjórnarkosningum: Hreppsnefnd samþykkir að hvert löglegt framboð fái kr. 50.000.
22. Þátttaka í klasaverkefni í uppsveitum Árnassýslu: Oddviti kynnti erindi þar sem farið er fram á að sveitarfélög í uppsveitum Árnassýslu taki þátt og leggi fram kr. 500.000 til uppbyggingar átaksverkefnis um matvæli og nýsköpun í uppsveitum Árnassýslu. Hreppsnefnd samþykkir að leggja kr. 500.000 framlag til verkefnisins á fyrst ári og kr. 500.000 á öðru ári verkefnisins. Vísað er til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

1. Fræðslunefnd: 3. fundur Fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 29. apríl s.l. Formaður fræðslunefndar kynnti 3. fund fræðslunefndar vegna Flúðaskóla á árinu. Þar er m.a. fjallað um skýrslu skólastjóra þar sem farið er yfir helstu starfsemi skólans.. Einnig frá starfsmannamálum fyrir næsta skólaár. Varðandi lið 2 telur hreppsnefnd æskilegt að biða með húsgagnakaup í skólastofur og setja frekar fjármuni í viðhald á húsnæði sbr. minnisblað frá húsverði. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
2. Veitustjórn: 39. fundur stjórnar frá 26. apríl s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er m.a. lagður fram til kynningar samningur við Ásatúnsbændum, farið yfir tilboð vegna nýrrar lagnar frá Ásatúni til miðlunargeymis. Sagt frá áframhaldandi áhuga ISOR á orkurannsóknum í hreppnum, og erindi frá MAGMA á Íslandi um samstarf um rannsóknir. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
3. FMÆ – nefnd 14 fundur frá 3 maí: Fundargerðin lögð fram og samþykkt.
4. Landbúnaðarnefnd: 17. fundur frá 3. maí s.l. Þar er m.a. fjallað um jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps, Hrunaréttir, afréttargirðingu, verðskrá afréttarhúsa og heysölu. Hreppsnefnd leggur til að Hrunaréttir verði endurbyggðar. Stofnaður verði starfshópur sem sér um framkvæmd og fjármögnun verkefnisins. Til grundvallar liggur fjárhagsáætlun þar sem hlutur Hrunamannahrepps er áætlaður 1.5 – 2.0 millj. kr. Vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.**

1. Félagsþjónusta: 124. fundur félagsmálanefndar frá 6. apríl s.l. Oddviti kynnti fundargerð 124. fundar félagsmálanefndar. Farið var yfir barnaverndarmál 3ja barna, umsóknir um fjárhagsaðstoð, félagslega þjónustu. Samþykkt var ein umsókn um ferðaþjónustu fatlaðra og 2 umsóknir um liðveislu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.
2. 23. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 20. apríl s.l. og 41. og 42. afgreiðslufundir byggingarfulltrúa frá 31. mars og 14. apríl s.l. Oddviti kynnti fundargerð 23. fundar Skipulags og byggingarnefndar en þar er fjallað um tvö sameiginleg mál. 41. og 42. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa en þar voru þrjú mál er tengjast Hrunamannahrepp, mál nr. 3. samþykkt aukahús úr timbri við Galtaflöt 6, og mál nr. 4 samþykkt salernishús á Tjaldsvæði. Einnig mál nr. 2 á 42. fundi Samþykkt breyting á fjósi og hlöðu í safnahús á Sólheimum. Esther Guðjónsdóttir vék af fundi við afgreiðsluna. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.
3. Skipulagsfulltrúi: Húsnæðismál – kostnaðaráætlun. Oddviti kynnti kostnaðaráætlun vegna flutnings skipulags og byggingarfulltrúa yfir í Héraðsskólann. Hreppsnefnd samþykkir flutning embættisins yfir í héraðsskólann.
4. Auglýsing um skipulagsmál í uppsveitum Árnassýslu og Flóahreppi. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 á Flúðum vegna færslu Bræðratunguvegar ásamt umhverfisskýrslu. Auglýsingin lögð fram til kynningar og er samþykkt af hreppsnefnd.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Almannavarnarnefnd: 6. fundur framkvæmdaráðs frá 23. mars s.l.** Oddviti kynnti 6. fund almannavarnarnefndar. Hreppsnefnd
- b. **Eignarhaldsfélag Suðurlands aðalfundur frá 26. mars s.l.** Oddviti kynnti aðalfundargerð Eignarhaldsfélags Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- c. **120. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 12. apríl s.l.** Oddviti kynnti 120. stjórnarfund Skólaskrifstofu Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- d. **125. stjórnarfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 8. apríl s.l.** Oddviti kynnti 125. stjórnarfund Heilbrigðiseftirlitsins. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- e. **152. stjórnarfundur Tónlistarskóla Árnesinga** Oddviti kynnti 152. stjórnarfund Tónlistarskólans. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Önnur mál og upplýsingar:**

- a. **Arion banki: Veðsetning lánasamninga – upplýsingar.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Ungmennafélag Íslands: Ungt fólk og lýðræði** samþykkt. Lagt fram til kynningar.
- c. **Fornleifavernd ríkisins – Minjavörður Suðurlands: v. Vinarminnis og Silfurmýri.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands – hjólað í vinnuna 5 -25. maí.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Skipulagsstofnun: Skipulags- og byggingarfulltrúar á Íslandi.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Sambandið: Fundargerð 773. fundar frá 26. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Skýrsla um samræmd könnunarpróf.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag v. nýbúafræðslu** Lagt fram til kynningar.
- i. **Félags- og tryggingarmálaráðuneyti: Velferðarvaktin bréf frá 20. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Icelandic Times: Kynning um ferðaþjónustu á ensku.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.18.00